

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

símafundur 9. desember 2014 kl. 20

Pátt tóku allir stjórnarmenn: Sveinn Steinarsson formaður, Vignir Sigurðsson, Magnús Jósefsson, Jón Bjarni Þorvarðarson og Eysteinn Leifsson.

Stjórnarfundur hafði verið frestað vegna veðurs og því var boðað til símafundar og gengið til hluta áður kynntrar dagskrár:

Sveinn setti fundinn og bauð Jón Bjarna sérstaklega velkominn til síns fyrsta stjórnarfundar. Sagði stefnt að því að finna nýjan fundartíma sem allra fyrst.

Stjórnin byrjaði á því að **skipta með sér verkum**. Magnús verður varaformaður, Vignir gjaldkeri, Eysteinn ritari og Jón Bjarni meðstjórnandi.

Næst var farið yfir **tillögur frá aðalfundi** og hvert þær skulu sendar eða meðhöndlaðar.

Tillaga varðandi DNA fari til WorldFengs og RML.

Tillaga varðandi ábyrgðarmann hrossaræktar – hefur gengið eftir og hefur staðan verið auglýst og verður ráðið í starfið fljótlega.

Tillaga varðandi hófastærð send til fagráðs.

Tillaga varðandi samanlagða þyngd hófhlífa og legghlífa og hlífðarbúnað send til fagráðs.

Tillaga varðandi númeraraðir í WorldFeng sendist til WorldFengs.

Tillaga varðandi DNA töku úr hryssum send til fagráðs.

Fræðslutexti um exem fari inn á heimasíðu.

Tillaga varðandi verð á DNA greiningum sendist til Matís. (Verð með tilliti til fjölda o.s.frv.)

Skipun starfshóps varðandi framtíðarskipan Landsmóta og aðkomu kynbótahrossa að þeim rædd. Rætt um að FHB skipi þrjá fulltrúa og formaður sé einn þeirra. Síðan komi fulltrúar FT, RML, fagráðs og kynbótadómara. Verkefnið verði tekið afmarkað fyrir og unnin skýrsla í framhaldinu. Henni skuli skilað um miðjan febrúar þannig að hægt sé að taka hana til kynningar og umræðu í fundarferð formanns. Sveinn mun hafa samband við þá sem nefndir hafa verið og jafnframt leita eftir tilnefningum frá áðunefndnum aðilum.

Sveinn sagði frá **fundum sínum og fleiri forsvarsmönnum greinarinnar með landbúnaðarráðherra** og hans aðstoðarfólki. Sagðist hafa skynjað góðan stuðning ráðherra til framtíðar og mikilvægt væri að marka stefnu og sýn til næstu ára í markaðsmálum og að félögin séu samstíga í sínum verkefnum. Sveinn mun hitta fulltrúa Íslandsstofu, en þau munu vinna að málum og kynna hestamenskuna í víðu samhengi.

Aðeins rætt um bókina **Hestheimar barnanna** og stöðuna á henni. Hulda sagðist stefna að því að ljúka vinnu við bókina áður en hún lætur af störfum um áramót.

Hulda staðfesti að **styrkur til Arinbjarnar Jóhannssonar á Brekkulæk** vegna þátttöku í sýningum í Þýskalandi væri greiddur og Arinbjörn hefði sótt ýmis gögn og kynningarefn til sín, til dreifingar á sýningunum.

Þá greindi Hulda frá ferð sinni á stórsýninguna **Equine Affaire í Bandaríkjunum** þar sem hún var við kynningarstörf ásamt fulltrúa frá Íshestum og Northeast Icelandic Horse Club. Sagði aðsókn hafa verið mjög mikla og áhuginn á íslenska hestinum aldrei meiri. Allt kynningarefni kláraðist og íslenski hesturinn var vel kynntur af heimamönnum í reiðsýningum og á sameiginlegum kynningarbás.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22

HGG/hgg